

**Neytendastofa**  
**16 401**

**Ársreikningur 2022**

## **Efnisyfirlit**

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymsyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Neytendastofa**  
kt. 690605-3410  
**Borgartúni 21, 105 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Neytendastofa er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin treystir öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum og annast eftirlit og framkvæmd laga um neytendavernd. Stofnunin sinnir stjórnsýluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 10 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá fjárlagalið 04-238.

Á árinu 2022 var árveltan kr. 140,3 milljónir og afkoma kr. -29,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 18,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 41,7 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Neytendastofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Neytendastofu fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Þórunn Anna Árnadóttir  
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjfærsla fjárveitinga .....	2	127.600.000	212.600.000
Seld þjónusta .....	3	2.970.500	43.138.293
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	0	2.213.189
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	9.757.625	4.075.299
<b>Tekjur samtals</b>		<b>140.328.125</b>	<b>262.026.781</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	124.870.204	168.970.288
Annar rekstrarkostnaður .....	6	34.816.260	70.221.820
Afskriftir .....	7	9.757.625	4.075.299
<b>Gjöld samtals</b>		<b>169.444.089</b>	<b>243.267.407</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(29.115.964)	18.759.374
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	38.782
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(2.614)	(22.021)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(29.118.578)</b>	<b>18.776.135</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		7.564.718	13.796.032
Aðrar eignir .....		111.602	111.602
		<hr/> 7.676.320	<hr/> 13.907.634
		<hr/> <hr/> 7.676.320	<hr/> <hr/> 13.907.634
<b>Fastafjármunir samtals</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	9	2.360.558	2.326.646
Tengdir aðilar .....		18.859.611	50.205.377
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	794.593
Handbært fé .....		<hr/> 12.804.269	<hr/> 10.855.523
		<hr/> <hr/> 34.024.438	<hr/> <hr/> 64.182.139
<b>Veltufjármunir samtals</b>			
<b>Eignir samtals</b>			
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		18.823.150	47.941.728
		<hr/> 18.823.150	<hr/> 47.941.728
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	951.286	3.899.475
Viðskiptaskuldir .....		2.083.339	1.277.743
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	13.246.841	11.117.060
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	6.596.142	13.853.767
		<hr/> 22.877.608	<hr/> 30.148.045
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>			
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>			
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstremisfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....	(29.118.578)	18.776.135	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir .....	7	9.757.625	4.075.299
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(9.757.625)	(4.075.299)
		<hr/>	<hr/>
	(29.118.578)	18.776.135	
Lækkun (lækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröffur .....	760.681	(1.906.048)	
Tengdir aðilar .....	27.371.266	(701.693)	
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....	<hr/> 2.935.377	<hr/> (12.723.936)	
	<hr/> 31.067.324	<hr/> (15.331.677)	
	<hr/> <hr/> 1.948.746	<hr/> <hr/> 3.444.458	
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(3.526.311)	(2.118.249)
		<hr/> (3.526.311)	<hr/> (2.118.249)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....	1.026.311	0	
Fjárfestingarframlag .....	2.500.000	2.118.249	
	<hr/> 3.526.311	<hr/> 2.118.249	
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....	<hr/> 1.948.746	<hr/> 3.444.458	
	<hr/> 10.855.523	<hr/> 7.411.065	
	<hr/> 12.804.269	<hr/> 10.855.523	
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>	

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákværðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af sölu á vöru og þjónustu.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjfærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjfærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	127.600.000	212.600.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	9.757.625	4.075.299		
	<u>137.357.625</u>	<u>216.675.299</u>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	127.600.000	0	0	127.600.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>127.600.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>127.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .....	(156.718.578)	0	0	(156.718.578)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(29.118.578)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(29.118.578)</b>
	2022	2021		
<b>3 Seld þjónusta</b>				
Sérfræðiþjónusta .....	3.000.000	3.000.000		
Sala á vöru og þjónustu .....	(75.000)	16.451.240		
Verksala .....	0	19.948.153		
Fræðslustarfsemi og fundir .....	45.500	3.738.900		
	<u>2.970.500</u>	<u>43.138.293</u>		
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Leigutekjur .....	0	270.000		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	0	1.148.950		
Ýmsar tekjur .....	0	794.239		
	<u>0</u>	<u>2.213.189</u>		
	2022	2021		
<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	98.869.465	143.287.087		
Orlof, breyting .....	2.297.251	(7.998.658)		
Launatengd gjöld .....	22.650.930	32.379.548		
Starfsmannakostnaður .....	1.052.558	1.302.311		
	<u>124.870.204</u>	<u>168.970.288</u>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	9,7	15,3		

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	680.893	1.382.191
Ýmis tæki og áhöld ....	342.148	928.665
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	0	28.858
Orkugjafar ....	0	1.049.263
Matvæli ....	1.370.390	1.805.604
Almennar rekstrarvörur ....	153.579	276.186
Vörukaup, almenn	<u>2.547.010</u>	5.470.767
Ýmsar sérgreindar vörur ....	20.270	50.620
Vörukaup, sérgreind	<u>20.270</u>	600.670
Fundir, námskeið, risna ....	325.042	629.412
Ferðir, uppihald ....	806.585	424.617
Akstur ....	212.931	847.012
Sérfræðibjónusta ....	4.995.695	7.050.525
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	59.611	71.202
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	863.416	593.080
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	<u>587.648</u>	1.293.877
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðibjónusta	7.850.928	10.909.725
Afnotagjöld ....	9.795.948	10.974.922
Leigugjöld ....	<u>12.086.460</u>	31.358.924
Notkun véla og flutningatækja ....	481.823	185.023
Verkkaup ....	1.995.377	6.359.514
Kostnaðarhlutdeild ....	0	3.977.037
Opinber gjöld ....	3.444	39.153
Tilfærslur ....	<u>35.000</u>	186.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	24.398.052	53.240.658
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>34.816.260</u>	70.221.820
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	1.460.948	2.822.633
Sölutap og úreltar eignir ....	<u>8.296.677</u>	1.252.666
	9.757.625	4.075.299

## Skýringar

31.12.2022      31.12.2021

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	7.564.718	13.796.032
Aðrar eignir .....	111.602	111.602
	<hr/>	<hr/>
	7.676.320	13.907.634

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	26.283.303	111.602	26.394.905
Viðbætur á árinu .....	3.526.311	0	3.526.311
Selt/úrelt á árinu .....	(17.263.706)	0	(17.263.706)
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	12.545.908	111.602	12.657.510
Afskriftir 01.01.2022 .....	12.487.271	0	12.487.271
Afskrift ársins .....	1.460.948	0	1.460.948
Selt/úrelt á árinu .....	(8.967.029)	0	(8.967.029)
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	4.981.190	0	4.981.190
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Staða 31.12.2022 .....	7.564.718	111.602	7.676.320

31.12.2022      31.12.2021

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkissjóð .....	18.835.036	50.205.377
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	24.575	0
	<hr/>	<hr/>
	18.859.611	50.205.377

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	951.286	3.899.475
	<hr/>	<hr/>
	951.286	3.899.475

### 10 Egið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022      31.12.2021

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. .....	47.941.728	29.165.593
Afkoma ársins .....	(29.118.578)	18.776.135
Jöfnuður 31.12. .....	<hr/>	<hr/>
	18.823.150	47.941.728

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

# Skýringar

31.12.2022      31.12.2021

## 11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	13.016.099	10.718.848
Önnur ógreidd gjöld .....	230.742	398.212
	<hr/>	<hr/>
	13.246.841	11.117.060

## 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022      31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	7.676.320	13.907.634
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(1.080.178)	(53.867)
	<hr/>	<hr/>
	6.596.142	13.853.767

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	13.907.634	(53.867)	13.853.767
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	2.500.000	2.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	3.526.311	(3.526.311)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(9.757.625)	0	(9.757.625)
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	7.676.320	(1.080.178)	6.596.142

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 1,4 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## 13 Aðrar upplýsingar

### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnaði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa o.fl. til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema 11,5 millj.kr. og vegna þjónustu- og vörslusamninga 14,1 millj.kr.

### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Eftir reikningsskiladag bárust stofnunni 13,8 millj.kr. í tekjur vegna Kærunefndar vegna ársins 2022.